

## LISTIR

## Sýningarverkefnið Veg(g)ir á Kjarvalsstöðum

## Stór flötur og fólk fylgist með




Hlynur Hallsson



Ráðhildur Ingadóttir



Gunnar Örn



Daði Guðbjörnsson

SÝNINGARVERKEFNI undir yfirskriftinni Veg(g)ir verður hleypt af stokkunum í miðrymi Kjarvalsstaða í dag. Mun það standa til 18. maí næstkomandi. Framkvæmd verkefnisins byggir á tveimur meginþáttum; annars vegar að veita listafólki tækifæri til að vinna úr hugmyndum sínum á eða út frá stórum fleti, langveggur miðrymis Kjarvalsstaða er 24 metrar á lengd og um 3,5 metrar á hæð, og hins vegar að leyfa gestum safnsins að fylgjast með þróun hvers listaverks frá upphafi til enda.

Þátttakendur í verkefninu eru listafólk á ýmsum aldri sem unnið hafa í ólka miðla og eiga þannig að endurspegla að nokkru fjölbreytnina í íslenskri myndlist í dag. Þetta eru Daði Guðbjörnsson, Gunnar Örn, Hlynur Hallsson, Katrín Sigurðardóttir, Ragnheiður Jónsdóttir og Ráðhildur Ingadóttir.

Framkvæmdinni er ætlað að vísa með sterkum hætti til hverfuleika lífs og listar. Að loknu sérhverju sýningartímabili verður framlag hvers listamanns fjarlæggt eða það hulið bak við nýtt lag af málningu sem um leið verður undirlag þess sem næst kemur á vegginn – þannig á sér stað viss tæming um leið og hringrás er leidd áfram.

Listafólkið mun miða vinnu sína við að verkin standi fullgerð í að minnsta kosti síðustu vikuna á hverju tímabili, nema þau séu þess eðlis að þau verði að þróast fram á síðustu stundu.

Veg(g)ir eru samfellt verkefni í tíma. Listamennirnir munu vinna verk sín hver á eftir öðrum og fá þrjár vikur hver. Listunendum verður boðið að vera við „lokun“ hvers áfanga, sem verður kynnt sérstaklega, og fer fram á fimmtudagskvöldi. Þá mun sá listamaður sem er að ljúka störfum kynna verkefni sitt og hugleiðingu um það. Við sama tækifæri mun næsti listamaður, sem er þá að hefja sitt verk, kynna sínar hugmyndir og áætlanir. Síðasta „lokunin“ verður um leið eins konar uppgjör fyrir verkefnið í heild.

Sýningarskrá verður gefin út eftir að sýningarverkefninu í heild lýkur og það þannig til lykta leitt. Þar verður að finna upplýsingar um þátttakendur, ljósmyndir af verkum hvers og eins á sýningunni sem og frekari umfjöllun um verkefnið.

Framkvæmdatími verkefnisins verður eftirfarandi: 13. janúar til 3. febrúar: Hlynur Hallsson, 3. til 24. febrúar: Daði Guðbjörnsson, 24. febrúar til 16. mars: Katrín Sigurðardóttir, 16. mars til 6. apríl: Ráðhildur Ingadóttir, 6. til 27. apríl: Gunnar Örn, 27. apríl til 18. maí: Ragnheiður Jónsdóttir.



Morgunblaðið/Porkell

Frá æfingu Nemendaóperu Söngskólans í Reykjavík á Rauða tjaldu.

## Óperuslettur úr ýmsum áttum

RAUÐA tjaldu – óperuslettur úr ýmsum áttum er yfirskrift uppfærslu Nemendaóperu Söngskólans í Reykjavík sem sýnd verður í Smára, Tónleikasal Söngskólans, Veghúsa-stíg 7, um helgina. Frumsýning verður á föstudagskvöld kl. 20, önnur sýning laugardag kl. 16 og hin þriðja á sunnudagskvöld kl. 20.

Meðal þátttakenda í sýningunni eru þær Sigurlaug Jóna Hannesdóttir, nemi á áttunda stigi, og Nanna María Cortes, nemi í kennaradeild. Blaðamaður fékk að kippa þeim út af æfingu stundarkorn og spyrgja þær út í verkefnið. Þær sögðu að á sýningunni mætti heyra brot úr hinum og þessum óperum – og þess vegna væri undirtitillinn óperuslettur úr ýmsum áttum. „Eitt er mjög dramatískt, atriðið úr La Bohème, en hitt er allt frekar létt,“ segir Nanna María.

Sýningin er sett saman á nýstárlegan hátt úr óperunum Bastiana og Bastiano og Brúðkaupi Figaros eftir Mozart, öðru brúðkaupi, Leyni-brúðkaupinu, eftir Cimarosa, Sögum af Falstaff eftir Verdi og Nicolai og Bóhemunum eftir Puccini. Atriðin verða bæði leikin á nútímavísi, með íslenskum texta, og sungin í sinni upphaflegu mynd á videigandi tungumáli. Þetta er gert til þess að sýningin verði aðgengilegri og textarnir fari ekki fyrir ofan garð og neðan hjá hinum almenna hlustanda, eins og oft vill verða.

Þær Sigurlaug og Nanna eru al-

sælar með námið í Söngskólanum og segjast helst ekki vilja gera neitt annað en að syngja. Sautján nemendur syngja í sýningunni nú um helgina en auk þess sér hópur nemenda um lýsingu, sviðsmynd, búninga, förðun og fleira sem tengist sýningunni. Stúlkur eru í miklum meirihluta á sviðinu, fjórtán á móti einungis þremur piltum. „Og strákarnir eru ekki í ljósa-deildinni eins og svo oft áður,“ upplýsir Nanna. Sú deild mun að þessu sinni eingöngu vera skipuð stúlkum.

Æfingastjóri og píanóleikari sýningarinnar er Claudio Rizzi og leikgerð og leikstjórn er í höndum Ásu Hlínar Svavarsdóttur. Stjórnandi er Garðar Cortes. Í einsöngshlutverkum eru þau Auður Guðjónsen, Ás- laug H. Hálfánardóttir, Bryndís Jónsdóttir, Guðröður Nanna Helgadóttir, Guðröður P. Gísladóttir, Hafsteinn Þórólfsson, Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, Ívar Helgason, Jónas Guðmundsson, Kristveig Sigurðardóttir, Kristín R. Sigurðardóttir, Linda P. Sigurðardóttir, Magnea Gunnarsdóttir, Nanna María Cortes, Ragnheiður Hafstein, Sigurlaug Jóna Hannesdóttir og Þóra Guðmannsdóttir.

Rauða tjaldu er fjórtánda verkefni Nemendaóperunnar sem starfað hefur á vegum Söngskólans frá árinu 1982. Aðgöngumiðasala er við inn- ganginn, en einnig er hægt að tryggja sér miða með því að hafa samband við skrifstofu Söngskólans.



# LAGER SALA!

**ADIDAS**  
FATNAÐUR Í ÚRVALI  
MIKIÐ ÚRVAL AF ÚTIVISTARFATNAÐI,  
ÍPRÓTTAGÖLLUM, T-BOLUM O.FL. O.FL.

Skíðaúlpur

Verð nú

5.990.-

Verð áður

11.990.-

Skíðabuxur

6.990.-

12.900.-

Skíðahanskar

1.000.-

6.990.-

Adidas skór

4.990.-

9.900.-

Reebok skór m. púða

2.990.-

7.900.-

Íþróttagallar

4.990.-

9.900.-

## BOLTAMAÐURINN

LAUGAVEGI 23 • SÍMI 551 5599